



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# AÐVENTU TÓNLEIKAR

01. DESEMBER 2016



---

# VELKOMIN

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Þýðing söngtexta er á bls. 12.

### Áætluð tímalengd verka:

Brúðkaup Figarós, forleikur: 4'

Fiðlukonsert: 18'

My heart is inditing, krýningarsöngur: 13'

Sinfónía: 28'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

### Aðalstyrktaraðili:

# GAMMA

FIM 01 DES 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

# AÐVENTU- TÓNLEIKAR

---

**Eivind Aadland**  
hljómsveitarstjóri

.....  
**Elfa Rún Kristinsdóttir**  
einleikari

.....  
**Hamrahlíðarkórarnir**  
**Þorgerður Ingólfssdóttir**  
kórstjóri

---

---

## EFNISSKRÁ

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Brúðkaup Figarós, forleikur** (1786)

Johann Sebastian Bach  
**Fiðlukonsert í E-dúr, BWV 1042** (um 1723)  
Allegro  
Adagio  
Allegro assai

Georg Friedrich Händel  
**My heart is inditing, krýningarsöngur, HWV 261** (1727)  
My heart is inditing  
Kings' daughters were among thy honourable women  
Upon thy right hand  
Kings shall be thy nursing fathers

Hlé

Wolfgang Amadeus Mozart  
**Sinfónía nr. 39 í Es-dúr, K. 543** (1788)  
Adagio – Allegro  
Andante con moto  
Menuetto: Allegretto  
Finale: Allegro

For information in English about tonight's programme, please visit  
the Iceland Symphony Orchestra website: [en/sinfonia.is](http://en/sinfonia.is)



---

# EIVIND AADLAND

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI

**E**ivind Aadland (f. 1956) er einn af virtustu hljómsveitarstjórum Noregs. Hann var aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Prándheims á árunum 2004 til 2010. Aadland hefur stjórnað öllum helstu sinfóníuhljómsveitum Norðurlanda og kemur reglulega fram sem geststjórnandi með filharmóníuhljómsveitunum í Björgvin og Ósló, sinfóníuhljómsveitum Stafangurs og Gautaborgar og Sænsku Kammersveitinni.

Utan Norðurlandanna hefur Aadland unnið mikið með sinfóníuhljómsveitum í Ástralíu, Austurlöndum fjær, Belgíu, Hollandi, Skotlandi og Þýskalandi. Hann hefur einnig fengist við óperustjórn og hlutu *Töfraflautan*, *Brúðkaup Fígarós* og *Don Giovanni* afbragðs viðtökur er hann stýrði uppfærslum verkanna við Norsku óperuna.

Eivind Aadland hóf feril sinn sem fiðluleikari og lærði hjá hinum heimsþekktu fiðluleikara Yehudi Menuhin. Aadland gegndi um árabíl stöðu konsertmeistara Filharmóníuhljómsveitarinnar í Bergen en ákvað að venda kvæði sínu í kross og hóf nám í hljómsveitarstjórn hjá Jorma Panula við Sibeliusarakademíuna í Helsinki. Hann hefur hljóðritað sem hljómsveitarstjóri og sem fiðluleikari fyrir Hyperion, EMI, BIS og Simax.

Aadland hefur stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands tíu sinnum á tónleikum og síðastliðin tvö ár hefur hann einnig stjórnað tónleikum Ungsveitar SÍ í tvígang. Aadland hefur áður unnið með Hamrahliðarkórnum því hann hélt um sprotann þegar kórarnir fluttu *Chichester Psalms* eftir Leonard Bernstein með hljómsveitinni í ársbyrjun 2013.



---

# ELFA RÚN KRISTINSDÓTTIR

## EINLEIKARI

**E**lfa Rún Kristinsdóttir er fædd á Akureyri árið 1985. Hún naut handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands og útskrifaðist þaðan vorið 2003 en hélt síðan til Þýskalands þar sem hún stundaði nám hjá Rainer Kusmaul við Tónlistarháskólann í Freiburg og Carolin Widmann við Tónlistarháskólann í Leipzig.

Elfa Rún lék með Solistenensemble Kaleidoskop í Berlín frá 2006–2014 og var konsertmeistari sveitarinnar frá 2008. Hún hefur leikið reglulega með Akademie für Alte Musik Berlin frá árinu 2007, þar sem hún kemur einnig oft fram sem einleikari eða konsertmeistari. Þá er Elfa Rún félagi í nýjum hóp, CONTINUUM, sem blandar saman nýrri og gamalli tónlist og hún er stofnandi Barokkbandsins Brákar sem hélt sína fyrstu tónleika á Sumartónleikum í Skálholti í júlí 2015. Frá því í fyrrahaust hefur Elfa Rún gegnt kennarastöðu við Tónlistarháskólann í Leipzig.

Á undanförunum árum hefur Elfa Rún komið fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Les Siècles og Sinfóníuhljómsveit Hamborgar og unnið með stjórnendum á borð við Paul McCreesh og François-Xavier Roth. Hún hefur auk þess tekið þátt í tónlistarhátíðum um allan heim sem einleikari eða flytjandi kammertónlistar og hefur meðal annars komið fram í Fílharmoníunni í Berlín, Concertgebouw í Amsterdam, Toppan Hall í Tokyo, Carnegie Hall í New York og Walt Disney Hall í Los Angeles.

Elfa Rún hreppti fyrstu verðlaun í Johann Sebastian Bach tónlistarkeppninni í Leipzig árið 2006. Hún hefur tvisvar hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin: hún var valin „bjartasta vonin“ árið 2006 og einleiksdiskur hennar með Fantasíum Telemanns var valinn diskur ársins 2014 í flokki sígildrar og samtímatónlistar. Árið 2015 var Elfa Rún tilnefnd til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Elfa Rún leikur á barokkfiðlu, smíðaða árið 1699 af G. B. Rogeri, sem hún hefur að láni frá fjárfestingarsjóðnum Jumpstart. Jr. í Amsterdam.

---

# HAMRAHLÍÐAR- KÓRARNIR

**H**amrahlíðarkórarnir hafa um áratuga skeið verið í fararbroddi íslenskra æskukóra. Í haust voru liðin 49 ár frá því að Kór Menntaskólans við Hamrahlíð var stofnaður, og kór eldri nemenda, Hamrahlíðarkórinn, var settur á stofn árið 1982. Kórarnir vinna oft að sameiginlegum verkefnum og hafa unnið hvern sigurinn af öðrum á tónleikum og tónlistarhátíðum víða um heim. Árið 1984 hlaut Hamrahlíðarkórinn fyrstu verðlaun í flokki æskukóra í kórakeppni evrópskra útvarpsstöðva, *Let the peoples sing*.

Fjöldmörg tónskáld hafa samið verk fyrir Þorgerði og Hamrahlíðarkórana og hafa ótalmargar upptökur verið gerðar fyrir útvarp og sjónvarp innanlands sem utan. Þrjár hljómplötur og tíu geisladiskar hafa komið út með söng kóranna, nú síðast diskur með eldri hljóðritunum sem fylgir bókinni *Kveðið í bjargi*, þar sem rakin er saga kórstarfsins og samstarf kóranna við íslensk og erlend tónskáld. Hamrahlíðarkórinn var valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaunum 2002 og hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs.

Kórarnir hafa átt farsælt samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975 og hafa meðal annars flutt *Niundu sinfóníu* Beethovens, *Sálumessu* Mozarts og *Dafnis og Klói* eftir Ravel. Kórarnir hafa þrisvar komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Hörpu, í *Chichester Psalms* eftir Leonard Bernstein árið 2013, *The Isle is Full of Noises* eftir Daníel Bjarnason 2014 og *Te Deum* eftir Arvo Pärt í mars síðastliðnum. Á liðnu vori hljóðrituðu Hamrahlíðarkórarnir verk Daníels ásamt hljómsveitinni og mun hljóðritunin koma út á diskum á næstunni.



---

# ÞORGERÐUR INGÓLFSSDÓTTIR

## KÓRSTJÓRI

**Þ**orgerður Ingólfssdóttir hefur vakið athygli og aðdáun bæði innanlands og utan fyrir starf sitt með ungu fólki á tónlistarsviðinu. Undir hennar stjórn hafa Hamrahlíðarkórarnir komið fram á þúsundum tónleika í yfir 25 þjóðlöndum, meðal annars á mörgum helstu kórahátíðum heims í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu. Þorgerður var aðalstjórnandi æskukórsins Radda Evrópu sem var víðamesta samstarfsverkefni menningarborga Evrópu árið 2000, þar sem söngvarar frá hverri borg sameinuðust í stórum kór sem hélt tónleika um álfuna þvera og endilanga. Hún stjórnaði jafnframt Röddum Íslands, kór 150 ungra kórsöngvara af öllu landinu sem kom fram á opunarhátíð Hörpu 13. maí 2011.

Þorgerður hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir störf sín, meðal annars nafnbót borgarlistamanns Reykjavíkur árið 2012 og heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2013. Fyrir á þessu ári hlaut Þorgerður viðurkenningu frá menntavísindasviði Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi starf sem kennari.



# WOLFGANG AMADEUS MOZART

## BRÚDKAUP FÍGARÓS, FORLEIKUR

Óperan *Brúðkaup Fígarós* er byggð á gamanleik eftir franska leikskáldið og þúsundþjalasmiðinn Pierre Beaumarchais (1732–1799) sem ber heitið *Brjáláður dagur* eða *Brúðkaup Fígarós* (La Folle Journée ou Le Mariage de Figaro) og var annar í röð þriggja gamanleikja um þjóninn Fígaró og herra hans, Almaviva greifa. Sá fyrsti, *Rakarinn í Sevilla* eða *Fyrirhyggjan gagnslausa* (Le Barbier de Séville ou La Précaution inutile), var frumsýndur árið 1775. Beaumarchais lauk við næsta leikrit, *Brúðkaup Fígarós*, árið 1778 og þegar verkið hafði komist gegnum opinbera ritskoðun, hugðist leikflokkurinn Comédie Française taka það til sýninga. En ekki var sopið kálið þótt í ausuna væri komið. Þegar leikritið var lesið fyrir Loðvík konung 16. varð hann svo hneykslaður á því hvernig Beaumarchais hæddist að aðlinum og forréttindum hans í verkinu, að hann lagði blátt bann við því að það yrði sýnt opinberlega. Beaumarchais tók þá til við að umskrifa verkið — hann flutti meðal annars sögusviðið frá Frakklandi til Spánar — og að þremur árum liðnum fékkst loks leyfi fyrir uppfærslunni. Leikritið var frumsýnt árið 1784 og sló rækilega í gegn.

Mozart hafði ungar dvalist í París og fylgdist auðsjáanlega vel með því sem var efst á baugi í borginni. Það leið ekki á löngu áður en hann lagði til við skáldið Lorenzo Da Ponte að hann skrifaði libretto upp úr leikriti Beaumarchais. Þetta var í fyrsta sinn sem þeir Mozart og Da Ponte unnu saman að óperu en tvær aðrar áttu eftir að fylgja í kjölfarið, *Don Giovanni* og *Cosi fan tutte*. Da Ponte sneri verkinu á léttleikandi ítölsku og mildaði mjög pólitíska ádeilu þess. Óperan var frumsýnd í Burgtheater í Vínarborg í maí 1786 og stjórnaði Mozart sjálfur flutningnum frá hljómborðinu.

Það má reyna að ímynda sér hvernig frumsýningargestunum varð við þegar forleikurinn tók að hljóma. Yfirskrifin er *presto* (mjög hratt), fagott og strengir æða um upphafstaktana eins og hvítur stormsveipur (eða þjónustustúlka sem er orðin of sein með afþurrkunarklútinn) áður en blásararnir leiða inn í kröftugan samblástur allrar hljómveitarinnar. Óneitanlega sannfærandi upptaktur að brjáláðum degi! Líkast til hafa Vínarbúar rykkst fram á sætisbrúnir og fyllst eftirvæntingu yfir því sem í vandum var. Forleikurinn er þó óvenjulegur að því leyti að í honum er ekki vísað í stef úr óperunni og hann leiðir ekki heldur beint inn í upphafsatriði hennar. Hann stendur því vel sem sjálfstæð tónsmíð og er oft fluttur þannig, líkt og hér í kvöld.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það var í júní 1950 sem forleikurinn úr *Brúðkaupi Fígarós* hljómaði fyrst í flutningi nýstofnaðrar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá var óperan flutt í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Kurts Bendix, en söngvarar voru fengnir úr Konunglegu óperunni í Stokkhólmi. Næst heyrðist forleikurinn sex árum síðar, þegar Páll Ísólfsson stýrði Sinfóníuhljómsveitinni á tónleikum í Þjóðleikhúsinu. Óperan var sett upp að nýju í Þjóðleikhúsinu árið 1969, að þessu sinni með íslenskum söngvurum, og íslenska óperan hefur tvisvar sinnum tekið hana til sýninga, 1989 og 2004. Síðast hljómaði forleikurinn í flutningi Sí í mars 2012 og þá var Eivind Aadland við stjórnvölinn rétt eins og nú.





# JOHANN SEBASTIAN BACH

## FIÐLUKONSERT Í E-DÚR, BWV 1042

Einungis þrjár fiðlukonsertar Johans Sebastians Bach hafa varðveist og er talið að þeir hafi allir orðið til á árunum 1717–23 er hann var í þjónustu Leopolds fursta í Anhalt-Köthen. Það tímabil er óvenjulegt á ferli Bachs að því leyti að þá samdi hann einkum verk af veraldlegum toga, einleiks- og kammerverk og konserta. Ástæða þessa var ekki síst sú að furstadæmið fylgdi kalvínskum sið og þar var því ekki mikið lagt upp úr íburðarmikilli kirkjutónlist. En Leopold fursti var tónelskur og lék sjálfur á hljóðfæri; hann hafði ferðast víða um Evrópu, meðal annars til Ítalíu þar sem hann hreifst af ítalskri tónlist. Bach var sjálfur ekki ókunnugur verkum ítölsku meistaranna. Hann hafði til að mynda kynnt sér konserta Vivaldis og Corellis með því að skrifa þá upp og jafnvel umrita fyrir önnur hljóðfæri. Á árunum í Köthen fékk hann ríkuleg tækifæri til þess að spreyta sig á konsertforminu — frá þeim tíma eru Brandenborgarkonsertarnir vel þekktu auk sembalkonserta og fiðlukonsertanna.

Í konsertum barokktímans sker einleikshljóðfærið sig ekki úr hljómsveitinni á þann hátt sem fór að tíðkast á 19. öld. Þeir minna frekar á samtal eða samspil þar sem einleikarinn er fremstur meðal jafningja og lætur ljós sitt skína í einleikshendingum en blandast hópnum þess á milli. Þetta má greinilega heyrna í upphafsþætti fiðlukonsertsins þar sem hljómsveitin öll kynnir upphafsstefið sem hefst á brotnum þríhljómi. Einleiksfiðlan tekur svo stefið upp, skreytir það og þróar, en mætir hljómsveitinni alltaf inná milli. Sama er uppi á teningnum í lokapættinum. Hann er hressilegt rondó þar sem hljómsveitin spilar aðalstefið á milli þess sem einleikarinn leikur lausum hala í sólóköflum. Í hæga kaflanum, sem er í moll, leikur hljómsveitin aftur á móti eins konar þrástef undir einleiksroddinni sem svifur ofar, ekki ólíkt því sem heyrna má í aríum í passíum og kantötum Bachs.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fiðlukonsert Bachs í E-dúr hljómaði fyrst hér á landi á tónleikum Hljómsveitar Reykjavíkur í Gamla bíói í desember 1928, og lék þýski fiðluleikarinn Johannes Velden einleik undir stjórn Páls Ísólfssonar. Árið 1936 lék Hans Stepanek konsertinn ásamt Hljómsveit Útvarpsins undir stjórn Franz Mixa og haustið 1945 hljómaði konsertinn í flutningi Adolfs Busch, Victors Urbancic og Strengjasveitar Tónlistarfélagssins í Reykjavík. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti konsertinn fyrst árið 1971 undir stjórn Bohdans Wodiczko og fór Pina Carmirelli þá með einleikshlutverkið.



# GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

## MY HEART IS INDITING KRÝNINGARSÖNGUR, HWV 261

Georg 1. Bretakonungur lést í júní árið 1727. Sumarið var með eindæmum hlýtt í Lundúnaborg en um haustið rigndi svo mikið að fresta þurfti krýningu nýja konungsins, Georgs 2., og Karólínu drottningar um viku, því óttast var að bakkar Tempsár við Westminster kynnu að breyta undan vatnseignum. Krýningin fór loks fram 11. október 1727 við hátíðlega athöfn í Westminster Abbey.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Kór Menntaskólans við Hamrahlíð flutti annan af krýningarsöngvum Händels, *Let thy hand be strengthened*, með Sinfóníuhljómsveit Íslands á skólatónleikum í mars árið 1979. Stjórnandi tónleikanna, sem urðu fimm talsins, var Jean-Pierre Jacquillat. My heart is inditing hefur ekki áður hljómað á Íslandi.

Eitt af síðustu verkum gamla konungsins hafði verið að gera Þjóðverjann Georg Friedrich Händel að breskum þegni. Þegar dró að krýningu nýju konungshjónanna var Händel svo ráðinn til þess að semja fjögur tónverk — krýningarsöngva — til flutnings við það tilefni. Textarnir sem Händel valdi að tónsetja eru úr Gamla testamentinu, einkum Davíðssálmum. Þar er konungurinn hyltur en einnig brýndur til að stjórna af visku, réttlæti og miskunnsemi.

Ekki er fullljóst í hvaða röð krýningarsöngvarnir voru fluttir í athöfninni, en talið er að fyrst hafi verið *Let thy hand be strengthened* hljómað og síðan *Zadok the Priest* sem flutt var um leið og konungurinn var smurður. Þriðja verkinu, *The King shall rejoice*, lýkur á Hallelúja-kafla sem sunginn var á því andartaki er kórónunni var tyllt á höfuð konungsins. Fjórða verkið — það sem hljómar á þessum tónleikum — var flutt meðan á krýningu Karólínu drottningar stóð. Textinn kemur úr 45. Davíðssálmi og úr Spádómsbók Jesaja með örlitlum breytingum. Verkið er í fjórum tengdum þáttum. Sá fyrsti hefst á glæsilegum inngangi þar sem trompetar gjalla áður en karlaraddirnar hefja upp raust sína: „Hjarta mitt það yrkir eitt ágætt kvæði, út af einum konungi vil ég syngja.“ Í öðrum þætti eru konungsdætur kynntar til leiks með mjúkum, sveigðum laglínum og í þeim þriðja beinast sjónir að drottningu sem stendur konungi á hægri hönd búin gullklæðum. Í textanum er vísað til munúðar konungsins sem nýtur fegurðar drottningar sinnar og í lokarættinum má segja að farið sé að huga að ávöxtum ástarinnar, börnunum, og þeirra uppveiti þegar kórinn syngur „konungarnir skulu þínar fósturfæður og þeirra drottningar þínar fósturmæður vera“. Þegar krýningin fór fram höfðu Georg og Karólína raunar þegar eignast átta börn. Þau giftust árið 1705 og hjónaband þeirra mun hafa verið innilegt.



# WOLFGANG AMADEUS MOZART

## SINFÓNÍA NR. 39 Í ES-DÚR, K. 543

Síðustu þrjár símfóníur Mozarts voru samdar í Vínarborg á nokkrum vikum sumarið 1788. Margt er á huldu um tildrög þeirra, en líklegt þykir að Mozart hafi ráðgert tónleikahald um sumarið og ætlað símfóníunum að vera hryggjarstykki í efnisskránni. Þegar þarna var komið sögu hafði Mozart búið í nokkur ár í borginni ásamt Constönzu konu sinni og vegnað fremur vel. Hann sá fyrir sér með tónleikahaldi, kennslu og tónsmíðum; mest var upp úr óperunum að hafa en Mozart gegndi einnig hlutastarfi sem tónskáld við hirðina. Árið 1788 snérist flest á verri veg, því í febrúar sagði keisarinn Tyrkjum stríð á hendur. Stríðsreksturinn var kostnaðarsamur og hernaðarbröltið kom niður á stuðningi við menningu og listir. Það var efnameira fólk sem hélt uppi menningarlífi Vínarborgar og nú lagðist þar allt í dróma: sumir fóru í herinn en aðrir drógu sig í hlé á sveitasetrum sínum og biðu þess að hríðinni slotaði.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Símfóníuhljómsveit Íslands flutti símfóníu nr. 39 í fyrsta sinn haustið 1950 undir stjórn Victors Urbancic. Símfónían hefur síðan hljómað margoft á tónleikum sveitarinnar, síðast haustið 2011 undir stjórn Gennadijs Rosdestvenskij.

Mozart lauk við símfóníurnar þrjár þótt óvíst væri hvenær honum tækist að fá þær fluttar. Þær mynda samstæða heild innan höfundarverks hans. Sumir hafa jafnvel gengið svo langt að líta svo á að þær myndi eina stór-símfóníu. Þannig megi skoða hinn hæga inngang upphafsþáttar símfóníunnar nr. 39 sem inngang að öllum þremur símfóníunum og magnaðan lokaþátt símfóníu nr. 41 sem viðeigandi endapunktur. Það kann að vera orðum aukið en þessi tónverk, sem urðu til nánast á einu bretti, bera þó ýmis samkenni. Eitt aðalsmerki þeirra er hugmyndaþrik notkun hljómsveitarhljóðfæranna; ekki síst er eftirtektarvert hve nákvæmlega Mozart útfærir þátt blásturshljóðfæranna. Í Es-dúr símfóníunni nr. 39 notar hann til að mynda ekki óbó og gefur með því klarínnettunum aukið vægi.

Fyrsti þáttur hefst á hægum, inngangi sem bráðnar inn í frísklegt *allegro*. Upphafsstef annars þáttar er leikið af strengjum en síðan bætast tréblásturshljóðfærin við í undurfögum samleik. Stefjaúrvinnslan er blæbrigðarík og einkennist af krómátík. Í þriðja þætti má heyra enduróm af starfi Mozarts við hirðina sem fólst einkum í því að semja danstónlist: Hér er kominn menúett með millikafla þar sem klarínettin leika lykilhutverk. Lokaþátturinn er byggður á einu stafi sem er endurtekið í ýmsum myndum og gefur mörgum hljóðfærahópum hljómsveitarinnar færi á að skína, ekki síst fiðlunum, áður en kemur að stríðnislegum endi — skyndilega er allt búið!

*Svanhildur Óskarsdóttir*

### **My heart is inditing**

My heart is inditing of a good matter; I speak of the things which I have made unto the King.

Kings' daughters were among thy honourable women.

Upon thy right hand did stand the Queen in vesture of gold, and the King shall have pleasure in thy beauty.

Kings shall be thy nursing fathers and Queens thy nursing mothers.

### **Hjarta mitt það yrkir**

Hjarta mitt það yrkir eitt ágætt kvæði, út af einum konungi vil ég syngja.

Í þinni prýði ganga konunganna dætur.

Drottningin stendur til þinnar hægri handar, í einungis kostulegu gulli. Þá mun konungurinn lysting fá á þinni fegurð.

Konungarnir skulu þínir fósturfeður og þeirra drottningar þínar fósturmæður vera.

Byggt á 45. Davíðssálmi (1, 10 og 12) og Spádómsbók Jesaja (49.23).

Íslensk þýðing að mestu samhljóða biblíuútgáfunni frá 1747, Vajsenhúsbiblíu.

# HAMRAHLÍÐARKÓRARNIR

DESEMBER 2016

Agnes Jórunn Andrésdóttir  
Agnes Sólmundsdóttir  
Anna Pálína Baldursdóttir  
Anna Róshildur Benediktsdóttir  
Böving  
Anna Mínerva Kristinsdóttir  
Anna Elísabet Sigurðardóttir  
Arnaldur Gylfi Þórðarson  
Arvid Ísleifur Schirmacher Jónsson  
Auðólfur Már Gunnarsson  
Ása Diljá Pétursdóttir  
Ásgrímur Ari Einarsson  
Ásta Sigríður Arnardóttir  
Baldvín Snær Hlynsson  
Bergur Páll Birgisson  
Bergur Nordal  
Bergur Þórisson  
Bjarki Rafn Andrésson  
Bjarki Hall  
Björn Ari Örvarsson  
Breki Sigurðarson  
Briet Ísis Elfar  
Bryndís Bergþórsdóttir  
Brynhildur Ruth Þorbjarnardóttir  
Dagur Steinn Baldursson  
Dýrleif Una Bergs  
Emil Gauti Friðriksson  
Enar Kornelius Leferink  
Erling Róbert Eydal  
Fidel Atli Quintero Gasparsson  
Finnur Jónsson  
Freyja Jónsdóttir  
Guðni Páll Guðmundsson  
Guðný Margrét Eyjólfsdóttir  
Guðrún Friða S Wium  
Guðrún Lára Þórsdóttir  
Gunnar Björn Gunnarsson  
Gunnar Haraldsson  
Gunnar Hlynur Úlfarsson  
Gunnar Dofri Viðarsson  
Hafrún Birna Björnsdóttir  
Halldóra Ósk Helgadóttir  
Harpa Óskarsdóttir  
Heiða Darradóttir  
Heiðrún Vala Einarsdóttir  
Helga Guðný Hallsdóttir  
Hera Magdalena Steinunnar  
Eiríksdóttir

Herdís Ágústa Linnét  
Hildur Fjalarsdóttir  
Hildur Elísa Jónsdóttir  
Hildur Iðunn Sverrisdóttir  
Hilma Kristín Sveinsdóttir  
Hjalti Nordal  
Hjalti Vigfússon  
Hjörtur Páll Eggertsson  
Hjörtur Ingi Skarphéðinsson  
Hrafnhildur Orradóttir  
Hugrún Britta Kjartansdóttir  
Hulda María Albertsdóttir  
Iðunn Einarsdóttir  
Iðunn Jónsdóttir  
Ingibjörg Ragnheiður Linnét  
Ísak Jónsson  
Jakob van Oosterhout  
Janus Bjarki Birgisson  
Jara Hilmarsdóttir  
Jón Nordal  
Jón Logi Pálmason  
Júlía Gunnarsdóttir  
Kómkákur Logi Bergsson  
Katrín Sindri Gunnarsson  
Katrín Kristjánsdóttir  
Katrín Guðnadóttir  
Katrín Lóa Hafsteinsdóttir  
Katrín Helena Jónsdóttir  
Katrín Kjartansdóttir  
Katrín Svava Másdóttir  
Katrín Helga Ólafsdóttir  
Kjartan Ólafur Gunnarsson  
Klara Rosatti  
Klara Sigurðardóttir  
Kolbeinn Arnarson  
Kormákur Logi Bergsson  
Kristín Sesselja Einarsdóttir  
Laufey Ósk Jónsdóttir  
Laura Sólveig Lefort Scheefer  
Líneik Jakobsdóttir  
Magdalena Guðrún Bryndísardóttir  
Magna Þórey Guðbrandsdóttir  
Magnús Benediktsson  
Magnús Magnússon  
Margrét Lára Baldursdóttir  
Margrét Helga Magnúsdóttir  
Margrét Aðalheiður Önnu- og  
Þorgeirsdóttir  
María Ása Auðunsdóttir

Márus Björgvin Gunnarsson  
Melkorka Gunborg Briansdóttir  
Móeiður Kristjánsdóttir  
Nökkvi Nils Bernhardsson  
Óðinn Ásbjarnarson  
Ólafur Baldvín Jónsson  
Ólöf Sesselja Ingimundardóttir  
Ragnar Númi Gunnarsson  
Ragnheiður Dóra Jónsdóttir  
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir  
Salvör Gullbrá Þórarinsdóttir  
Sara Ósk Þorsteinsdóttir  
Sigrún Freyja Halldórsdóttir  
Sigrún Ninna Sigurðardóttir  
Sigrún Þorsteinsdóttir  
Sigurður Guðni Gunnarsson  
Sigurgeir Ingi Þorkelsson  
Símon Karl Sigurðarson Melsteð  
Sóley Arngrímsdóttir  
Sólveig Birna Júlíusdóttir  
Styrmir Hrafn Danielsson  
Sverrir Arnórsson  
Sverrir Páll Sverrisson  
Sylvía Spilliaert  
Sæmundur Rögnvaldsson  
Sólvi Rögnvaldsson  
Tómas Arnar Guðmundsson  
Tómas van Oosterhout  
Tryggvi Pétur Ármannsson  
Valgarður Ragnheiðar Ívarsson  
Valgerður Kristjánsdóttir  
Vigdís Þóra Másdóttir  
Vigdís Kristín Rohleder  
Vilborg Magnúsdóttir  
Þorgerður María Þorbjarnardóttir  
Þorgrímur Þorsteinsson  
Þóra Birgit Bernóusdóttir  
Þórbergur Atli Þórssón  
Þórður Hallgrímsson  
Þórey Einarsdóttir  
Þórhildur Katrín Baldursdóttir  
Þórhildur Magnúsdóttir

MEDLEIKARI Á ÆFINGUM:  
Snorri Sigfús Birgisson

# HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

1. DESEMBER 2016

## 1. FIÐLA

Nicola Lolli  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Andrzej Kleina  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Mark Reedman  
Lin Wei  
Bryndís Pálsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Vera Panitch  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir  
Roland Hartwell  
Þórdís Stross  
Greta Guðnadóttir  
Christian Diethard  
Ólöf Þorvarðsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Ásdís Hildur Runólfsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Kathryn Harrison  
Sarah Buckley  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Júliá Mogensen  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Richard Korn

## FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir  
Áshildur Haraldsdóttir

## ÓBÓ

Matthías Nardeau  
Eydís Franzdóttir

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjánn Ingason

## HORN

Stefán Jón Bernharðsson  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## PÁKUR

Frank Aarnink

## SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*  
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Anna Kristín Einarssdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*  
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# GJÖF SEM HLJÓMAR VEL



## GEFÐU LIFANDI TÓNLIST Í JÓLAGJÖF

Nýtt gjafakort Sinfóníuhljómsveitar  
Íslands fæst í miðasölu Hörpu.

**SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50

# ÁRAMÓTATÓNLEIKAR 05 – 06 – 07 JAN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

**David Danzmayr** hljómsveitarstjóri

**Póra Einarsdóttir** sópran

**Bror Magnus Tødenes** tenór

# VÍNAR TÓNLEIKAR



**TRYGGÐU  
ÞÉR SÆTI  
SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50

@icelandsymphony / #sinfo

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**